

STJÓRNARTÍÐINDI B 126 – 2005

Nr. 927

1940

26. október 2005

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Halanum.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 719, 27. september 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum án smáfiskaskilju eru allar veiðar með fiskibotnvörpu nema síldveiðar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 867, 26. september 2005, um veiðar á íslenski sumargotssíld, bannaðar á eftirgreindu svæði:

1. 66°53'00 N - 24°35'00 V
2. 66°53'00 N - 24°23'50 V
3. 66°50'50 N - 24°23'00 V
4. 66°48'60 N - 24°32'00 V
5. 66°43'00 N - 24°38'00 V
6. 66°34'50 N - 24°55'60 V
7. 66°34'50 N - 25°02'00 V
8. 66°40'00 N - 24°48'00 V
9. 66°43'00 N - 24°47'00 V
10. 66°52'00 N - 24°41'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 28. október 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. október 2005.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.